

## Framkvæmdaáætlun jafnréttismála á Landspítala 2019

Kjaramál	Ráðningar	Starfspróun	Stjórnun og skipulag	Samþætting vinnu- og einkalífs	Starfsumhverfi
<p>Landspítali verði tilbúinn til jafnlaunavottunar í árslok 2019.</p> <p>Verkferlar fyrir úrbætur í kjölfar jafnlaunaúttektar verði tilbúnir fyrir árslok 2019.</p> <p>Birtar niðurstöður úr jafnlaunaúttekt vegna 2017 eigi síðar en í maí 2019.</p> <p>Gerð könnun á kjörum erlendra starfsmanna og borin saman við kjör íslenskra.</p>	<p>Gerð verði úttekt á kynjahlutfalli nýráðinna m.t.t. kynjahlutfalls stétta.</p>	<p>Auknir starfspróunar- möguleika sem henta erlendum starfsmönnum.</p>	<p>Jafnréttismælaborð birt í ársskýrslu og starfsemisupplýsingum árið 2019.</p> <p>Jafnréttismál verði rædd á stjórnendafundi á vegum jafnréttisnefndar 2019. Áherslan sé á jafnlaunavottun og jafnréttismenningu innan Landspítala.</p> <p>Gætt verði að jafnréttissjónarmiðum við útgáfu kynningar- og fræðsluefnis innan Landspítala.</p>	<p>Landspítali sinni betur þörfum fjölskyldufólks, t.d. að starfsfólk fái skilgreindan tíma til að sinna foreldraviðtölum í vinnutíma.</p> <p>Samtal tekið við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um að skólar opni ekki seinna en kl. 7:30</p>	<p>Gerðar verði leiðbeiningar fyrir stjórnendur um viðbrögð við áreitni sjúklinga gagnvart starfsmönnum t.d. vegna kyns eða uppruna.</p> <p>Gerð verði könnun á upplifun erlendra starfsmanna á starfsumhverfi Landspítala.</p> <p>Fyrir lok árs 2019 verði yfirfarið og tryggt að öll búningsaðstaða starfsmanna sé aðgangsstýrð, kynjaskipt og örugg.</p> <p>Unnið verði gegn staðalímyndum stétta. Gert kynningarefni fyrir grunn- og framhaldsskólanema um störf sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga fyrir september 2019.</p> <p>Stuðlað að jafnréttisumræðu og jafnréttismenningu á Landspítala, t.d. með opnum fundum.</p>